



Fundargerð hreppsnefndar 18. október 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 18. okt. 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Einar Björn Kristbergsson, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð. Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 4. okt. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 4. okt. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Sundabúð, legudeild, fundur í Velferðarráðuneyti 12. okt. sl.
-Staða mála-

Gerð var grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið varðandi málefni Sundabúðar, legudeildar. Í máli oddvita kom fram að rætt hefði verið við alla þingmenn kjördæmisins, sem náðst hefur í varðandi þessi mál. Jafnframt hefur verið óskað eftir liðsinni Fjárlaganefndar Alþingis, varðandi fjárveitingar til starfseminnar. Fundur með nefndinni var haldinn í Reykjavík 12. okt. sl. og voru fulltrúar nefndarinnar afar jákvæðir í því að koma að úrlausn þessara mála. Þá var gerð grein fyrir fundi oddvita og sveitarstjóra í Velferðarráðuneytinu 12. okt. sl., þar sem þessi mál voru eingöngu til umfjöllunar. Af hálfu ráðuneytisins voru mætt Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður ráðherra og Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri ráðuneytisins. Fundurinn var um margt ágætur en þar var helst rætt um þann möguleika að gerður yrði reynslusamningur milli Vopnafjarðarhrepps og Velferðarráðuneytisins um rekstur deildarinnar. Vopnafjarðarhreppur yrði þannig reynslusveitarfélag í rekstri heilbrigðismála á Vopnafirði líkt og samið hefur verið um á Hornafirði. Hugmyndir komu fram um það á fundinum að hugsanlega gæti verið skynsamlegt að taka stærri skref í yfirtöku rekstrar heilbrigðisstofnana í sveitarfélaginu og var þá um það rætt að heilsugæslan fylgdi hugsanlega með í viðkomandi samningi. Fulltrúar Vopnafjarðarhrepps settu það upp sem skilyrði fyrir samningaviðræðum af þessum toga að ekki yrði gripið til fyrirhugaðra uppsagna á starfsfólki deildarinnar. Engan veginn væri unnt að vinna undir slíkri svipu meðan ekki væri einsýnt hvaða stefnu málin tækju.

Í máli fundarmanna kom fram að mikilvægt væri að vinna rösklega í málum þ.a. hugsanlega yrði mögulegt að færa reksturinn til sveitarfélagsins um næstkomandi áramót. Í lok fundar var sammælt um það að fulltrúar ráðuneytisins hefðu samband við fulltrúa sveitarfélagsins, varðandi næstu skref og ósk heimamanna um að draga til baka fyrirhugaðar uppsagnir starfsfólksins.

3. mál. Ferðamálaklasi Vopnafjarðar; fulltrúar hópsins mæta á fund og gera grein fyrir hugmyndum sínum um uppbyggingu ferðamála á Vopnafirði

Fulltrúar ferðamálaklasans, Fanney Hauksdóttir, Björg Einarsdóttir og Sigríður Bragadóttir voru mætt á fundinn og gerðu grein fyrir áformum hópsins um uppbyggingu ferðamála á Vopnafirði. Að lokinni yfirferð þeirra svöruðu þau fyrirspurnum fundarmanna. Að svo búnu var þeim þökkúð koman og yfirgáfu þau fundinn í framhaldi.

4. mál. Bréf Skipulagsstofnunar frá 17. sept sl. varðandi staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 17. sept. sl., varðandi staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi 2006-2026, athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði. Jafnframt lögð fram auglýsing varðandi breytinguna, sem send hefur verið til Stjórnartíðinda. Á fundinum lá einnig frammi skipulagsuppráttur varðandi breytinguna, sem undirritaður hefur verið af sveitarstjóra og Skipulagsstofnun.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með að þessi gögn væru afgangi.

5. mál Kjörskrá Vopnafjarðarhrepps vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. nk.

Lagt fram bréf Þjóðskrár Íslands frá okt. sl., þar sem fram koma fyrir mæli um meðferð kjörstofna frá Þjóðskrá, vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þann 20. okt. nk.

Jafnframt lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Þjóðskrá Íslands. Alls eru 520 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir þessar kosningar, þar af eru 279 karl og 241 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða framlagða kjörskrá fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að yfirfara hana og undirrita. Kjörskráin hefur legið frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps og mun liggja þar fram til föstudagsins 19. okt. nk.

6. mál. Millidalaleið-Tilboð, staða mála.

Farið var yfir gögn frá Vegagerðinni varðandi framkvæmdir við svokallaða Millidalaleið. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að með fundargögnum hefði farið út vitlaust yfirlit yfir tilboðstölur í verkið.

Dreifði hann síðan réttu eintaki sem sýndi að Þ.S. verktakar voru með lágsta verði í þær framkvæmdir, sem vinna á, en þær gera ráð fyrir að keyra í veginn þannig að hann verði tilbúinn til yfirlagningar á næsta sumri.

Samið hefur verið við Þ.S. verktaka um þetta verk.

Fundarmenn voru ánægðir með það að framkvæmdin væri komin á þennan rekspól.

7. mál. Erindi til Fjárlaganefndar Alþingis 12.10 2012.

Lögð fram erindi til Fjárlaganefndar Alþingis frá 12. okt. sl. Oddviti og sveitarstjóri áttu fund með nefndinni þennan dag. Oddviti gerði grein fyrir erindum Sveitarfélagsins til nefndarinnar, sem fram koma í 11. tl. Í máli oddvita kom fram að megináhersla var lögð á úrlausn mála vegna legudeildarinnar Sundabúðar á Vopnafirði. Það væri mál mála á Vopnafirði og mikilvægt væri að óvissuástandi varðandi þann rekstur færi að linna.

Fundarmenn töldu gott að fá umrædd erindi og töldu að þau væru í fullu samræmi við áherslur, sem lagðar hefðu verið í þessum málum í sveitarstjórn.

8. mál. Grímsstaðir á Fjöllum. Drög að samningum o.fl.

Kynnt voru drög að samningum þar sem meðal annars er stillt upp fyrirhuguðum kaupum GÁF ehf. á Grímstöðum á Fjöllum af landeigendum. Ennfremur var farið yfir drög að afnotasamningi milli GÁF ehf. og Zhongkun Grímsstaðir og samning um leiguafnot milli GÁF ehf. og Zhongkun Grímsstaðir.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir öllum þessum drögum að samningum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Drög þessara samninga eru ekki endanleg og var kallað eftir því að fundarmenn kæmu athugasemdum ef einhverjar væru á framfæri við sveitarstjóra.

Jafnframt var samþykkt að alsherjarnefnd sveitarfélagsins kæmi saman á sérstakan fund þar sem eina fundarefnið væru umrædd samningsdrög.

Mikilvægt er að fara vel yfir þau og spyrja spurning og koma athugasemdum á framfæri áður en gengið verður frá endanlegum drögum.

Þegar endanleg drög samninga liggja fyrir af hendi stjórnar GÁF ehf. verða samningarnir sendir til viðkomandi sveitarfélaga, sem eru hluthafar í GÁF ehf., þar sem óskað verður eftir afstöðu hvers sveitarfélags fyrir sig til samninganna.

Hreppsnefnd samþykkti þessa málsmeðferð samhljóða.

9. mál. Malbiksframkvæmdir 2013. Hugmyndir að samningi.

Lagt fram yfirlit yfir helstu götur og svæði sem þarf að malbika. Jafnframt lagðir fram útreikningar sem sýna hvað malbik gæti kostað miðað við tvo kosti. Annars vegar að malbikið sé flutt frá Akureyri eða Reyðarfirði og hins vegar að malbikunarstöð verði sett upp í sveitarfélaginu og malbikið framleitt þar. Jafnframt lögð fram hugmynd að veksamningi um fyrirhugaðar malbiksframkvæmdir næsta sumar. Við það er miðað að malbikunarframkvæmdir geti farið fram eigi síðar en í lok júní nk.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna áfram að málinu og kanna hvernig mögulegt er að ná lægstum verðum í verkið.

Endanlegur verksamningur verði síðan lagður fram til samþykktar í sveitarstjórn.

10. mál. Bréf Vegagerðarinnar frá 9. okt. sl., varðandi niðurfellingu vega af vegaskrá.

Lögð fram bréf frá Vegagerðinni frá 9. okt. sl. þar sem tilkynnt er að fyrirhugað er að taka Hrappsstaðaveg og Ljósalandsvæg út af vegaskrá.

Samþykkt að kynna málin fyrir viðkomandi landeigendum.

11. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2013. Tímaáætlun og hugmyndir að vinnuaðferðafræði.

Gert er ráð fyrir því að drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2013 verði tilbúin til yfirferðar 1. nóv. nk. Jafnvel er við það miðað að fyrri umræða fari þá fram um áætlunina.

Síðan er gert ráð fyrir vinnufundum um áætlunina milli umræðna. Síðari umræða verður eigi síðar en 15. des nk. og þá verður einnig tekin fyrir þriggja ára áætlun sveitarfélagsins. Skylt er að samþykkja hana samhliða áætlun næsta árs.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Afrit af bréfi HAUST dags. 26. sept. sl., til Sláturfélagsins.

Lagt fram til kynningar

b) Fundargerð vegna fundar fulltrúa Einherja og Vopnafjarðarhrepps frá 8. okt. sl.

Fundarmenn voru sammála því að láta hana hugmyndir að uppbyggingu íþróttasæðisins til framtíðar, sem síðan verði skoðaðar og metið hvernig unnt verður að raða þeim í tíma.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.35